

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 7.12.2023
UST202301-396/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þrýstiprófun á einni lögn Olíudreifingar ehf., nr. 710.70.00 í birgðastöðinni á Seyðisfirði.

Umhverfisstofnun bárust þann 18. október sl. niðurstöður þrýstiprófunar á einni eldsneytislögn í olíubirgðastöðinni á Seyðisfirði. Lögn 710.70.00 er úr svörtu stáli, 6" DN 150 7,1 mm.

Prófunin fór fram þann 9. nóvember 2022. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, rúm 12 bör og prófað í 4 klst. Síriti af gerðinni Campell CR850 vaktaði og skráði þrýstingsbreytingar. Hitastig var um 4°C.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófunina.

Lögnin stóðst prófunina og Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á lögninni.

Þrýstiprófa skal niðurgrafnar olíulagnir og löndunarlagnir á að a.m.k. 5 ára fresti skv. reglugerð nr 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri